

Endursköpun eða minnismerki?

Fyrirlestur á málþinginu

ÆÐ TAKA NÁTTÚRUNA MEÐ Í REIKNINGINN

haldið á Háskólatorgi Háskóla Íslands, 10. október 2008

Ólafur Páll Jónsson

lektor í heimspeki við menntavísindasvið Háskóla Íslands

Ég vil byrja á að þakka skipuleggjendum þessarar ráðstefnu fyrir að bjóða mér að tala hér. Slíkt tilboð er að sönnu nokkuð óvænt, því ráðstefnan hefur mjög praktísk markmið og síður en svo sjálfgefið að heimspekingur sé líklegur til að greiða leiðina að þeim markmiðum – þvert á móti má ætla að tilkoma heimspekingsins flæki málin frekar en hitt. Tilboðið hlýtur því að bera vott um að skipuleggjendurnir séu meðvitaðir um að þessi mál eru flókin – og raunar miklu flóknari en kann að virðast við fyrstu sýn – og að heimspekileg greining geti kannski greitt úr einhverjum flækjum frekar en að auka á þær. Jæja, við sjáum til hvernig fer.

Hvað er flókið við að taka náttúruna með í reikninginn. Jú, það eru að minnsta kosti þrjú atriði. Í fyrsta lagi er það snúin spurning hvað *náttúra* eiginlega er. Í öðru lagi er ekki ljóst hvað það er að taka hana *með* í reikninginn. Og loks er óljóst hvaða *reikningur* þetta er sem náttúran kann að verða tekin *með* í eða ekki. Ég ætla að fjalla um þessi þrjú atriði og tengja þau við spurningar um náttúruspjöll og endurheimt náttúrulegra verðmæta.

Efasemdir um möguleikann á endursköpun

Ég hygg að sú skoðun sé viðtekin á Íslandi, og kannski miklu víðar, að mögulegt sé að endurskapa eða endurreisa náttúru með innngripi okkar mannanna. Þegar talað er um endurheimt votlendis, er hugmyndin sú að með því að moka ofan í skurði þar sem mýrar eða annars konar votlendi hefur verið þurrkað upp fyrir árum eða áratugum, þá megi raunverulega endurheimta náttúrulegt vistkerfi – mýrina, votlendið, flóann.

Það er líka augljóst að endursköpun eru mikil takmörk sett. Rauðamöl, eins og sú sem Seyðishólar í Grímsnesi eru myndaðir úr, er víst eftirsóknarverð. Gott ef það var ekki markaður fyrir hana í Svíþjóð og talið borga sig að sigla með hana austur yfir hafid. En það þótti eftirsjá að hólum sem setja sterkan svip á landið. Þá datt einhverjum í hug að moka hólunum í burtu og endurbyggja þá svo úr ódýrara efni. Þetta heitir að nýta auðlind og grípa svo til mótvægisáðgerða til að minnka umhverfisáhrif nýtingarinnar. Hugmyndin fékk ekki mikinn hljómgrunn, kannski vegna þess að flestum virtist augljóst að þarna yrði ekki um neina endurbyggingu að ræða og mótvægisáðgerðirnar – að byggja nýja hóla úr ódýru efni – væru engar mótvægisáðgerðir heldur bara enn frekari röskun á náttúrunni. Nýir hólar úr billegri mól yrðu aldrei nema minnisvarðar um Seyðishóla, og heldur fáfengilegir sem slíkir. Í stað náttúru fengjum við einungis manngerðar malarhrúgur.

Einhvers staðar á þessum ás milli mögulegrar endursköpunar votlendis og ómögulegrar endursköpunar Seyðishóla liggur Teigsskógur í Þorskafríði. Þar stóð til að leggja veg í gegnum skóg sem hefur þróast um aldir. Til að bregðast við þeim spjöllum sem veglagningin myndi valda, stóð til að planta trjám annars staðar, þar sem þau yrðu ekki fyrir hugsanlegum vegum eða öðrum mannvirkjum. Hugsunin þarna var að búa til verðmæti sem væru sambærileg þeim sem myndu spillast við framkvæmdirnar. Kannski mottóið hafi verið þetta: Þúfa fyrir þúfu og tré fyrir tré.

Til að leggja mat á hversu raunhæft það er að skapa náttúruleg verðmæti, verðum við að gera okkur grein fyrir tvennu. Annars vegar því hvað náttúra er, og hins vegar því hvernig náttúra getur verið uppspretta verðmæta. Víkjum fyrst að fyrri spurningunni: Hvað er náttúra? Spurningin er ævafor. Hún var lykilspurning í heimspeki Aristótelesar fyrir nálega 2500 árum, og allar götur síðan hafa heimspekingar glímt við hana. Páll Skúlason tekur upp þráðinn frá Aristótesli í bókinni *Umbverfing* þegar hann segir:

Náttúran er ... allt í senn: *eðli* sem býr í öllum sköpuðum hlutum, *öflin* sem ráða gerð allra hluta, og *heildin* sem birtir eðli og öfl hinna sköpuðu hluta. Sköpunin er hér ekki verk mannsins heldur náttúrunnar sjálfrar. Náttúran er hið skapandi afl, hinir sköpuðu hlutir og sköpunarverkið í heild sinni.¹

Þessi skilningur á náttúru gerir möguleika manna til að skapa náttúru litla. Það sem við, mennirnir, höfum á valdi okkar er tæknileg þekking og tæknileg færni. Með tæknilegri færni okkar getum við haft margvísleg áhrif á hlutina í kringum okkur, og þar með náttúruna, en *eðli* hlutanna er utan seilingar, *öflin* sem ráða gerð hlutanna eru ekki þau öfl sem við getum virkjað með tæknilegri þekkingu okkar, og þær heildir sem við kunnum að

¹ Páll Skúlason, *Umbverfing*, Háskólaútgáfan, Reykjavík 1998, bls. 34.

skapa eru ekki *beildir* sem birta eðli og öfl hinna sköpuðu hluta. Vandinn er því þessi: Hversu mikill sem tæknilegur máttur okkar er og hversu stórtækar breytingar sem við getum unnið á umhverfi okkar, þá er náttúran ekki á valdi okkar.

Rauði þráðurinn í *Umbverfingu* Páls er staða tækninnar andspænis náttúrunni og þetta er líka rauði þráðurinn í þessu málþingi. Lykilatriði í glímu Páls er greinarmunur sem hann gerir á *umhverfi* og *náttúru*. Við höfum þegar séð hvaða skilning Páll leggur í hugtakið *náttúra*. Um *umhverfi* segir hann:

Umhverfið er ... afurð af því sköpunarstarfi manna sem fram fer þegar þeir leitast við að breyta náttúrulegum aðstæðum og laga þær eftir þörfum sínum og óskum. Umhverfið er þá *bin ytri náttúra umsköpuð af tæknilegu valdi mannsins*.²

Þessi greinarmunur Páls á umhverfi og náttúru skiptir máli fyrir spurninguna um það hvort mögulegt sé að skapa náttúru eða náttúruleg verðmæti. Er hin mannlega sköpun ekki dæmd til að verða umhverfi, hversu „náttúrulegt“ sem það umhverfi kann að vera? Svarið við þessari spurningu er kannski „já og nei“. Samkvæmt skilningi Páls eru eiginleg sköpunarverk manna dæmd til að verða umhverfi, en inngríp manna geta samt vissulega miðað að því að draga úr áhrifum fyrri athafna – að bæta skaða sem þegar er orðinn eða minnka fyrirsjáanlegan skaða. Skýrasta dæmið um endurreisn af þessu tagi er hreinsun vegna mengunar og mengunarvarnir.

Í þessu samhengi verður líka skýrara hvers vegna endurheimt votlendis getur verið endursköpun náttúrulegra verðmæta – endurreisn náttúru – en bygging Seyðishóla úr billegrri mól getur ekki talist slík endursköpun. Þegar mokað er ofan í skurð til að endurheimta votlendi, þá er votlendið ekki afrakstur mokstursins heldur þeirra ferla sem fara af stað eftir að moksturinn hefur átt sér stað. Það sem mannshöndin getur gert er að búa í haginn fyrir ákveðin náttúruleg ferli, en raunveruleg endurheimt votlendisins er svo undir því komin að hin náttúrulegu ferli leiði til myndunar votlendis – og þá kannski til votlendis sem er af svipuðum toga og það sem var á viðkomandi stað áður en það var þurrkað upp.

Tilburðir eins og þeir að bæta fyrir skaða, sem veglagning um skóglendi veldur, með því að planta trjám annars staðar, geta vissulega verið ágætir ef hinn tilvonandi nýi skógur

² Páll Skúlason, *Umbverfing*, bls. 35. Ég fjalla um og gagnrýni skilning Páls á *náttúru* og *umhverfi* í *Náttúru, valdi og verðmæti*, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2007, í kafla 3, „Staður, náttúra, umhverfi“. Þótt ég gagnrýni skilning Páls, get ég fallist á greinarmun hans í þessu samhengi.

hefur eitthvað til síns ágætis, en að kalla slíkt endurreisn eða endursköpun er beinlínis kjánalegt. Það er jafn kjánalegt að kalla það mótvægisáðgerð.³

Endursköpun eða yfirgangur?

Spurningin um endursköpun eða endurreisn náttúru er knýjandi spurning í dag vegna þess hve nærri náttúrunni við mannfólkið höfum gengið. Við upphaf 20. aldar – og raunar langt fram á öldina – voru þær spurningar sem við erum að velta fyrir okkur í dag nánast fjarstæðukenndar. En svo komu skurðgrafan og jarðýtan til sögunnar og ásynd landsins gjörbreyttist. Ég segi að spurningin hafi nánast verið fjarstæðukennd, en auðvitað höfðu Íslendingar þegar gjörbreytt ásynd og eðli landsins með skógarhöggi og sauðfjárbreit.⁴

Gróðursaga Íslands – ég veit ekki hvort sú saga hefur verið skráð skipulega – er sorgarsaga. Þetta er saga um yfirgang, þetta er saga um það hvernig menn setja stundarhag ofar langtímahagsmunum og hvernig einstaklingar og hópar hafa sett sína hagsmuni ofar sameiginlegum hagsmunum. En þetta er vitanlega líka saga fáfræði. Endursköpun náttúrulegra verðmæta ætti að vera mikilvægt stef í nýjum kafla í þessari sögu. Þessi nýi kafla ætti að vera um endalok þess yfirgangs sem hefur skilið við stóra hluta landsins í rúst og umbreytt öðrum hlutum með afar þröngsýnum hætti.

Það er þó ekki sjálfgefið að það sem gert er undir formerkjum endursköpunar eða endurreisnar náttúrulegra verðmæta sé viðleitni til að sporna gegn því að náttúran verði fyrir yfirgangi. Sú fjálga ásókn í háhitasvæði undir þeim formerkjum að þar megi framleiða græna orku, virðist mér enn eitt dæmið um skefjalausan yfirgang fremur en viðleitni til að umgangast náttúruna af virðingu. Og þegar menn stinga upp á því að planta trjám einhvers staðar fjarri alfaraleið til að bæta upp fyrir þann skóg sem tapast og spillist við veglagningu um Teigsskóg í Þorskafirði, þá virðist mér viðleitnin undir merkjum mótvægisáðgerða vart til annars en að friða slæma samvisku. Og hvað eigum við að segja um skógrækt til að binda kolefni frá álbræðslunum sem nú eru ýmist í fullum rekstri eða bíða óþreyjufullar á teikniborðunum eftir að taka sér efnislega stöðu meðfram ströndum landsins. Það er út af fyrir sig lofsvert að binda kolefni og skógrækt getur verið ágæt þar sem hún á við, en skógrækt á þessum forsendum er fyrst og fremst liður í því að

³ Hér á greinarmunur Andrews Light á gjöffulli endurreisn (e. *benevolent restoration*) og meinlegri endurreisn (e. *malevolent form of restoration*) vel við, sjá Andrew Light, „Restoration, autonomy and domination“, *Recognizing the Autonomy of Nature*, Thomas Hyde ritstj., Columbia University Press, New York 2005.

⁴ Sjá t.d. Guðmundur Páll Ólafsson, *Hernaðurinn gegn landinu – Þjórásarver*, Mál og menning, Reykjavík 2007, einkum bls. 29–30 þar sem hann rekur mikla sorgarsögu um hnignandi landkosti norðan Hofsjökuls.

viðhalda freklegum ágangi í náttúruleg gæði frekar en endursköpun náttúrulegra verðmæta þar sem þau hafa farið halloka.

Þegar náttúran er tekin *með* í reikninginn með þessum hætti felur það í sér enn frekari kúgun eða yfirgang. Tekju- og gjaldaliðirnir í þessum reikningi taka ekki mið af náttúrunni heldur af hagkerfi sem lítur á náttúruna sem ytri þátt sem hefur ekkert segja á meðan hjólin snúast lipurlega. En svo kemur upp núningur, kannski í formi auðlindaþurrðar, kannski í formi óhóflegrar mengunar, kannski í formi ógnvænlegra breytinga í lofthjúpi jarðar og þá fær náttúran pláss í útgjaldadálkinum. Þá er hún tekin *með* í reikninginn með því að skilgreina hana sem útgjaldalið. Kostnaður vegna losunar kolefnis er fyrirtaksdæmi um þetta. Það er vitanlega eitthvað jákvætt við það að náttúran birtist sem útgjaldaliður í bókhaldi fyrirtækja – það verður a.m.k. erfiðara að viðhalda þeirri blekkingu að náttúran sé einungis ytri þáttur sem engu máli skipti fyrir hagkerfið. En það er líka umhugsunarvert að eftir þessum þankagangi getur náttúran aldrei birst sem tekjuliður. Þegar við nálgumst náttúruna með þessum hætti, þá er hún annaðhvort svo sjálfögð að við sjáum hana ekki, eða hún birtist sem truflun – nýr útgjaldaliður. Í okkar hversdagslega veruleika birtist náttúran einmitt gjarnan sem eyðandi afl. Við þurfum að mála húsinn vegna þess að þau veðrast, við þurfum að laga gangstéttarnar vegna þess að grasið sem vex upp með þeim aflagar þær smátt og smátt, og ef heimilissorpið er ekki tekið vikulega byrjar það að úldna í tunnunni. Þetta er náttúran – svona birtist hún sem óþægileg truflun.⁵

Meinið við þessa sýn á að taka náttúruna með í reikninginn er samt ekki bara hin neikvæða birtingarmynd náttúrunnar. Alvarlegri galli á þessari sýn, galli sem er í senn djúpstæður og afdrifaríkur, er að lítið er á náttúruna sem framandi heim. Í þrælahaids-þjóðfélagi Bandaríkjanna voru hinir svörtu þrælur líka framandi heimur – þeir voru framandi hópur. Réttindabaráttan þeirra snerist ekki um að þeir yrðu teknir *með* í reikninginn, því það var örugglega víða gert. Ætli það hafi ekki getað heitið mannúðlegt þrælahaald. Réttindabaráttan þrælanna snerist ekki um að stjórnskipulag Bandaríkjanna tæki tillit til þeirra, heldur að það væri *þeirra* stjórnskipulag ekki síður en hinna hvítu. Við getum kannski orðað það svo, að réttindabaráttan snerist ekki bara um að þrælarnir yrðu teknir með í reikninginn, heldur að reikningurinn væri þeirra ekki síður en hinna. Lokamarkmiðið er vitanlega að aðgreining *þeirra* og *hinna* máist út og reikningurinn verði einfaldlega *okkar*.

⁵ Ég fjalla nánar um þessa sýn á náttúruna í bók minni *Náttúra, vald og verðmæti*, kafla 2, „Skilningur og blinda“.

Samlíking þess hvernig við nýtum landið – nýtum þær auðlindir sem oft er sagt að sjálfsagt sé að nýta – við þrælshald í Bandaríkjunum, einn sorglegasta kaflann í menningarsögu Vesturlanda, virðist ykkur ef til vill ósanngjörn. Kannski virðist ykkur þessi samlíking fjarstæðukennd, því auðvitað er það að menn séu kúgaðir gjörólíkt skammsýnni nýtingu á náttúrulegum gæðum. Samlíkingin á sér vissulega takmörk – við skulum varast að teygja hana of langt. En hún beinir sjónum okkar að tilteknum atriðum og hún vekur upp tilteknar spurningar. Eigum við að lýsa nýtingu okkar mannanna á náttúrulegum gæðum sem kúgun?⁶ Er rétt að tala um skipulegan yfirgang? Og loks: Hvað er það eiginlega að taka náttúruna með í reikninginn? Meginmarkmið allra kerfa sem miða að því að raungera tiltekna siðfræði eða stjórnmálafræði er lausn undan kúgun. Í siðfræði er megináherslan gjarnan lögð á sjálfræði einstaklinga, í stjórnmálafræði er áherslan gjarnan lögð á frelsi, jafnrétti og kannski bræðralag líka. Það sem er rangt við þrælshald er að farið er með aðrar manneskjur sem hverja aðra hluti; það er farið með þær sem tæki sem eru til þess eins að þjóna hagsmunum annarra. Þessi hugsun fær tærasta framsetningu í siðfræði Kants þegar hann segir að ávallt beri að koma fram við manneðlið, hvort sem það er í manns eigin persónu eða persónu annarra, sem markmið í sjálfu sér. Í yfirgangi gagnvart náttúrunni birtist sambærilegt siðleysi – en þó ekki alveg það sama. Siðleysið felst í því að farið er með það sem er sjálfstæð uppspretta verðmæta – það sem á skilda virðingu undir öllum kringumstæðum – sem tæki til að þjóna hagsmunum annarra, tæki sem öðlast gildi af því einu að það getur verið gagnlegt fyrir aðra.

Hvað er endurskapað eða endurreist?

Ykkur finnst kannski að ég hafi verið fremur neikvæður. Það þykir kannski ekki gott svona að morgni dags á stórrí ráðstefnu. Þetta er svolítið eins og þegar fótboltalandslið karla fær á sig mark á fyrstu mínútunum. Þá er ekki nema von að þjálfarinn segi heldur niðurlútur að leik loknum: „Við höfðum nú hugsað okkur að byrja þetta öðruvísi.“ En þessi neikvæði tónn er ekki neikvæðni vonleysis, heldur stafar hann af því að ég hef verið að gagnrýna tilteknar hugmyndir sem mér virðast í senn útbreiddar og rangar. Auk þess að vera beinlínis skaðlegar.

⁶ Raunar er nýting náttúruauðlinda í mörgum tilvikum kúgun í jafn bókstaflegum skilningi og þrælshaldið í Bandaríkjunum var. Þeir sem verst verða úti vegna óhóflegrar og skammsýnnar nýtingar á náttúruauðlindum eru fátækar þjóðir og þjóðflokkar sem gjarnan skortir aðgang að valdavettvangi samfélagsins og hinum alþjóðlega valdavettvangi vegna þekkingarskorts. Margar ef þessum þjóðum og þjóðflokkum verða einnig hardast úti vegna loftlagsbreytingar af manna völdum.

Spyrjum nú, svolítið eins og við vitum ekki almennilega á hvaða ráðstefnu við erum stödd: „Hvað er það sem er verið að tala um, að endurskapa eða endurreisa?“ Það stendur ekki á svari: „Náttúran, eða náttúruleg verðmæti og gæði.“ Um þetta svar vil ég efast. Það er í fyrsta lagi miklum takmörkunum bundið að hvaða leyti við getum virkilega endurskapað náttúruleg gæði eða verðmæti, og í öðru lagi er hætt við að það sem við tökum okkur fyrir hendur, undir þessum formerkjum, sé meiri kúgun, og kannski lúmskari kúgun, frekar en að það feli í sér lausn undan kúgun. Þess vegna held ég að það sem við ættum að beina sjónum okkar að sé *samband okkar við náttúruna* frekar en náttúran sem slík.⁷ Ég sagði áðan að gróðurfarssaga Íslands væri sorgarsaga. Þetta er sorgarsaga vegna þess að þetta er saga fólks sem var í litlum tengslum við náttúruna. Vitanlega voru Íslendingar ávallt bundnir af náttúrunni, en þeir voru ekki að sama skapi í tengslum við náttúruna.

Í gjöfulli endurreisn náttúrulegra verðmæta og gæða – hvort sem það er endurheimt votlendis, uppgræðsla eða endurbygging jarðmyndana – þá erum við bundin náttúrunni í þeim skilningi að við lítum á það sem skyldu okkar að virða sjálfstæði náttúrunnar og endurreisa hana sem sjálfráðan geranda. Í slíkri nálgun við náttúruna verðum við óhjákvæmilega að hugsa um tengsl okkar við náttúruna. Gjöful endurreisn hefur það að markmiði að gefa náttúrunni færi á að ráða ferðinni. Hvað það felur í sér er vitanlega flókið mál og krefst þess að við nálgumst náttúruna sem *rannsakendur* frekar en *nýtendur*, sem *áborfendur* í leit að fagurfræðilegri upplifun frekar en *þurfalingar* í leit að bitlingi.

Endursköpun eða endurreisn náttúrulegra gæða og verðmæta ætti því að beinast að menningunni frekar en náttúrunni. Markmiðið er að skapa menningu sem leggur áherslu á tengsl við náttúruna sem náttúru. Ríkjandi menning leggur áherslu á náttúruna sem auðlind, forðabúr, matarholu. Sjónarhornið er þröngt, bæði í tíma og rúmi. Við sjáum þetta berlega núna þegar þrengir að. Þegar við súpum seyðið af skammsýni og þröngsýni í ölduróti fjármálanna, þá er horft til náttúrunnar sem bjargráðs og hvatt til enn meiri skammsýni og enn meiri þröngsýni. Eru skilaboðin þau að við höfum ekki efni á skynsemi? Við erum hrædd um að þrengingarnar valdi því að við missum úr máltíð og þá erum við tilbúin að leggja til hliðar öll möguleg gæði fyrir það eitt að eyða þessari óvissu. Og við sem erum ekki einu sinni svöng. Að taka náttúruna með í reikninginn ætti að miða að því að umskapa menninguna á þann hátt að náttúran birtist okkur ekki bara sem matarhola, heldur sem sjálfstæður veruleiki, að við lítum ekki bara á verðmæti hennar sem tæknilegt og undirorpið duttlungum manna, heldur lítum við á náttúruna sem

⁷ Hér tek ég undir með Andrew Light, „Restoration, autonomy and domination“, bls. 161–167.

sjálfstæða uppsprettu verðmæta. Og loks að við nálgumst náttúruna sem rannsakendur og unnendur, en ekki bara sem þurfalingar – eða vargar.

Heimildir

Guðmundur Páll Ólafsson, *Hernaðurinn gegn landinu – Þjórsárver*. Mál og menning, Reykjavík 2007.

Light, Andrew, „Restoration, autonomy and domination“, Hyde, Thomas (ritstj.), *Recognizing the Autonomy of Nature*, Columbia University Press, New York 2005.

Ólafur Páll Jónsson, *Náttúra, vald og verðmæti*, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík 2007.

Páll Skúlason, *Umbverfing*, Háskólaútgáfan, Reykjavík 1998.